



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-U022**

Dagsetning: **13. desember 2015**

Staðsetning: **Suðurlandsvegur við Lækjarbotna**

Atvik: **Árekstur**

Látin: **82 ára karlmaður**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Birta og veður:

Bjart og 3-5 m/sek vindur. Hiti -4 °C

Vegur:

Bundið slitlag, þurrt yfirborð, 90 km/klst. hámarkshraði

Tími sólarhrings:

16:39

Ökutæki:

Toyota Corolla fólksbifreið, Subaru Legacy fólksbifreið og Toyota Land Cruiser jeppabifreið.

Samantekt

Ökumaður Toyota Corolla bifreiðar ók austur Suðurlandsveg. Skömmu áður en hann kom að Lækjarbotnum ók hann yfir miðlínu vegarins og utan í Toyota Land Cruiser bifreið sem kom úr gagnstæðri átt, vestur Suðurlandsveg. Svo virðist sem ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar hafi ekki hemað við atvikið en haldið akstrinum áfram og rekist framan á Subaru Legacy bifreið sem var næst á eftir Toyota Land Cruisernum. Varð harður árekstur og hlaut ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar banvæna áverka. Við rannsókn kom í ljós að hann hafði fengið hjartaáfall undir stýri í aðdraganda árekstranna

Lýsing á slysi

Slysið varð á Suðurlandsvegi við Lækjarbotna klukkan 16:39 á sunnudegi. Umferð var mikil um það leyti, bílaröð myndaðist í átt að Reykjavík og var ökuhraði um 80-90 km/klst. að sögn vitna. Ökumaður Toyota Corolla bifreiðar, 82 ára karlmaður, ók Suðurlandsveg í austurátt frá Reykjavík. Vitni sem ók á eftir honum tók eftir að bifreiðin rásaði á veginum og ók meðal annars utan í umferðareyju við Geitháls. Hélt ökumaðurinn samt ferð sinni áfram og ók ítrekað við miðlínu vegarins.

Skömmu áður en umræddur ökumaður kom að Lækjarbotnum ók hann yfir miðlínu og utan í Toyota Land Cruiser bifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt, vestur Suðurlandsveg.

Svo virðist sem ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar hafi ekki hemlað við þá ákeyrslu heldur ekið áfram og rekist á Subaru Legacy bifreið sem ók næst á eftir Toyota Land Cruisernum. Varð harður árekstur og hlaut ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar við það lífshættulega áverka. Hann notaði bílbelti en lést á sjúkrahúsi skömmu eftir slysið.

Ökumaður Subaru bifreiðarinnar hlaut alvarlega fjörláverka. Hann notaði bílbelti og loftpúðar blésu út.

Ökumaður og farþegar í Land Cruisernum hlutu ekki alvarlega áverka í slysinu en bifreiðin skemmdist á hægri hlið. Þau notuðu öll öryggisbúnað.



Mynd 1. Horft vestur Suðurlandsveg á slysavettvang. Toyota Corolla bifreiðin snérist á veginum við áreksturinn en Subaru Legacy bifreiðin lenti út af veginum. Toyota Land Cruiser bifreiðin staðnæmdest nokkuð frá vettvangi úti í kanti. Hann sést ekki á myndinni.

Þegar slysið varð var frost en ekki hálka á akbrautinni. Þunn snjóþekja var þó í vegkanti og hált þar.

Vitnum að slysinu bar saman um að ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar hafi ekið yfir á rangan veghelming, fyrst utan í Toyota Land Cruiser bifreið en þar eftir framan á Subaru Legacy bifreiðina. Við áreksturinn snérist Toyota Corolla bifreiðin á veginum og nam staðar á miðjum vegi, en Subaru bifreiðin kastaðist aftur á bak og hafnaði utan vegar.

Ökutæki og ákoma

Toyota Corolla bifreiðin (árg. 1998) var búin negldum vetrardekkjum. Ákoma var á framanverðri bifreiðinni eftir áreksturinn og afmyndaðist hún mikið. Loftpúðar blésu út í bifreiðinni og ökumaður notaði bílbelti. Rannsókn á bifreiðinni leiddi ekki í ljós bilanir sem skýra tildrög slyssins.



Mynd 2. Toyota Corolla sem ekið var austur Suðurlandsveg.

Subaru Legacy fólksbifreiðin var búin negldum vetrardekkjum. Mest ákoma var á bifreiðinni framanverðri vinstra megin. Loftpúðar í bifreiðinni sprangu út og bílbelti voru notuð. Rannsókn á bifreiðinni leiddi í ljós að orsök slyssins verður ekki rakin til ástands hennar.



Mynd 3. Subaru Legacy sem ekið var vestur Suðurlandsveg.

Toyota Land Cruiser bifreiðin skemmdist á vinstri hlið og varð afturhjólbardi hægra megin loftlaus við ákeyrsluna. Slysið verður ekki rakið til ástands þeirrar bifreiðar eða ökulags ökumanns hennar.



Mynd 4. Toyota Land Cruiser bifreiðin. Ákoma á vinstri hlið.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis- og lyfjamæling ökumanns Toyota Corolla bifreiðarinnar leiddi í ljós að hann var ekki undir áhrifum áfengis. Niðurstöður á lyfjamælingu leiddu í ljós lyf, í lækningalegum skömmtum.

Ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar var með útrunnin ökuréttindi.

Orsakagreining

- Ökumaður Toyota Corolla bifreiðarinnar fékk hjartaáfall undir stýri í aðdraganda slyssins.
- Ökumaðurinn átti við önnur veikindi að stríða.
- Ökumaðurinn var með útrunnin ökuréttindi.

Tillögur í öryggisátt

Skert ökuhæfi vegna veikinda.

Samkvæmt sjúkragögnum átti ökumaður við heilbrigðisvandamál að stríða. Í skýrslu RNSA um banaslys á Nauthólsvegi sem varð 25.2.2015 gerði nefndin tillögu í öryggisátt um breytingar á því kerfi sem unnið er eftir og varðar heilbrigðiskröfur og ökuréttindi. Vegna þessa máls áréttar nefndin tillöguna og vísar í þá skýrslu til nánari upplýsinga. Í kjölfar ábendingar nefndarinnar fól heilbrigðisráðherra embætti Landlæknis að skipa vinnuhóp um málið. Bindur RNSA vonir við að hópurinn hefji störf hið fyrsta.

Endurnýjun ökuréttinda

Hugsanlegt er að eldri ökumenn með ökuréttindi sem eru að falla úr gildi sökum aldurs, átti sig ekki á því í tæka tíð og aki því réttindalausir. Að mati RNSA þarf að skoða þann möguleika að senda bréf til þessara ökumanna þar sem kæmi fram ábending um að brátt sé endurnýjunar þörf. Jafnframt er skynsamlegt að láta fylgja upplýsingar varðandi heilsufar og akstur í forvarnaskyni. Beinir nefndin þessum tillögum í öryggisátt til Samgöngustofu. Í þessu samhengi má nefna að árið 2010 styrkti rannsóknarráð Vegagerðarinnar verkefni um kynningarrit sem heitir „Ökufær - leiðbeiningar til ökumanna um áhrif heilsu á akstur og umferðaröryggi” og Samgöngustofa hefur gefið út. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem nýst geta í forvörnum.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 30.5.2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa